

Alg- & Mögelmedel

Þörunga- og myglueyðir

Efnislýsing

Original Alg- & Mögelmedel er ætlaður á fleti utandyrna sem fá á sig þörunga- og mygluvöxt. Hann er á vökvaformi og er tilbúinn til notkunar.

Notið lífefnaeyði á öruggan hátt: Lesið ætíð leiðbeiningar fyrir notkun.

Meðhöndlun

Formeðferð: Skafið lausan mosa og skófir af fletinum. Óhreinir fletir eru fyrst þvegnir með Universal Málartvätt og síðan skolaðir vandlega með vatni.

Meðferð: Yfirborðið skal vera hreint og rakt áður en Alg- och Mögelmedel eyðirinn er borinn á. Vinnið efnið inn í yfirborðið með bursta. Endurtakið meðferðina aftur til að ná sem bestum árangri. Látið efnið virka í um 24 klst. Ekki má skola yfirborðið og það verður að vera þurrt áður en málað er. Verjið plöntur og blómabeð með plasti. Ef efnið hellist niður þar sem það á ekki að fara skal skola vel yfir svæðið með hreinu vatni.

Athugið: Þegar átt er við mikinn mygluvöxt geta þurrar agnir legið á fletinum eftir meðhöndlun; sópið þeim burt áður en málað er.

Meðferð á liggjandi flötum: Verjið jarðveginn í a.m.k. 0,5 m kringum meðhöndlaða flötinn svo hægt sé að safna og farga vökvanum sem sullast af fletinum. Ekki hella efnaleifunum í fráveitulagnir.

Notið myglueyðinn einungis ef engin rigning er fyrirsjáanleg í 24 klst. eftir meðferð.

Heilsufars- og umhverfismál

Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll og vatnsfarvegi. Skilið efnaleifum og tóum umbúðum til endurvinnslustöðva. Umbúðir flokkast sem plastúrgangur.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Verkfæri fagmenn: Lágþrýstisprauta

Verkfæri almenningur: Pensill, bursti

Notkun: 5 m²/l

Umbúðir: 1 og 5 lítra brúsar

Geymsla: Í frostfríu rými

Virkt innihaldsefni:

Dídesýldímetylammoníumklóríð

(DDAC) 0,4% miðað við þyngd (4,0 g/L)

Síðast endurskoðað í janúar 2024